

L Ö G

34

14. marz

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927, og um afnám laga nr. 17 26. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

23. gr. laga nr. 12 31. maí 1927 orðist svo:

Oddviti skal hafa að launum um árið fimm krónur fyrir hvern mann í hreppnum samkvæmt manntali þess árs, er hann tekur laun fyrir, og auk þess minnst 2% — tvo af hundraði — af innheimtum útsvörum.

Á laun oddvita, önnur en innheimtulaun, greiðist verðlagsuppbót eftir almennri vísitölu, eins og hún á hverjum tíma er greidd á laun starfsmanna ríkisins. Oddvitar skulu og framvegis njóta sömu og sams konar launahækkana og opinberir starfsmenn hljóta hjá ríkinu og ríkisstofnunum.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 17 26. febr. 1943.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka oddvitar laun samkvæmt þeim frá 1. janúar 1951 að telja.

Gjört að Bessastöðum, 14. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

35

14. marz

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátatútsvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við síðustu málsg. 10. gr. laganna komi nýr málslíður, svo hljóðandi: Þó er sjóðstjórninni heimilt á árinu 1950 að skerða stofnfé síldveiðideildar að fengnu samþykki ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 14. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.